

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2281****2018/EES/42/22****frá 11. desember 2017****um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2017 í tilteknum vínræktarhéruðum í Þýskalandi og í öllum vínræktarhéruðum í Danmörku, Hollandi (Niðurlandi) og Svíþjóð (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 91. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í lið A.3 í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 er kveðið á um að aðildarríki megi fara fram á að mörk vegna aukningar á alkóhólstyrkleika (auðgun) víns miðað við rúmmál séu hækkuð um 0,5% á árum þegar veðurfarsskilyrði eru einstaklega óhagstæð.
- 2) Danmörk, Þýskaland, Holland (Niðurland) og Svíþjóð hafa farið fram á slíka hækkun á mörkum fyrir auðgun víns, sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2017, þar eð veðurfarsskilyrði á vaxtartímabilinu hafa verið einstaklega óhagstæð. Danmörk, Holland (Niðurland) og Svíþjóð hafa lagt fram slíka beiðni fyrir öll vínræktarhéruð sín. Þýskaland fór eingöngu fram á hækkun á mörkum fyrir auðgun fyrir vín sem er gert úr vínþrúguyrkinu Dornfelder í héruðum Ahr, Mittelrhein, Mosel, Nahe, Pfalz og Rheinhessen.
- 3) Vegna hinna einkar óhagstæðu veðurskilyrða á árinu 2017 gera mörkin fyrir aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls, sem kveðið er á um í lið A.2 í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, það ekki kleift í tilteknum vínræktarhéruðum að framleiða vín með viðeigandi heildaralkóhólstyrkleika úr öllum eða tilteknum þrúguyrkjum sem alla jafna er eftirspurn eftir á markaði.
- 4) Því er rétt að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns, sem framleitt er úr öllum eða tilteknum vínþrúguyrkjum úr uppskeru ársins 2017, í vínræktarhéruðum í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi (Niðurlandi) og Svíþjóð.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í vínræktarhéruðunum eða hlutum þeirra, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa reglugerð og að því er varðar öll eða tiltekin vínþrúguyrki eins og tilgreint er í þeim viðauka, þrátt fyrir lið A.2 í I. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1308/2013, má aukning á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í ferskum þrúgum úr uppskeru ársins 2017, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni sem er enn í gerjun og víni sem er framleitt með því að nota þrúgur úr uppskeru ársins 2017, ekki fara yfir 3,5% miðað við rúmmál.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, (bíður birtingar).

(1) Stj. 2013. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIDAUKI

Vínþrúguyrki og vínæktarhéruð eða hlutar þeirra þar sem leyfilegt er að hækka mörk auðgunar skv. 1. gr.

Aðildarríki	Vínæktarhéruð eða hlutar þeirra (vínæktarsvæði)	Yrki
Danmörk	Öll vínæktarhéruð (svæði A)	Öll viðurkennd þrúguyrki
Þýskaland	Vínæktarhéraðið í Ahr (svæði A)	Dornfelder
	Vínæktarhéraðið í Mittelrhein (svæði A)	
	Vínæktarhéraðið í Mosel (svæði A)	
	Vínæktarhéraðið í Nahe (svæði A)	
	Vínæktarhéraðið í Pfalz (svæði A)	
	Vínæktarhéraðið í Rheinhessen (svæði A)	
Holland (Niðurland)	Öll vínæktarhéruð (svæði A)	Öll viðurkennd þrúguyrki
Svíþjóð	Öll vínæktarhéruð (svæði A)	Öll viðurkennd þrúguyrki